

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 329/2023**

**frá 8. desember 2023**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1152 frá 12. júní 2023 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 1152**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1152 frá 12. júní 2023 (Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1152, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

ÓOPINBER ÞÝÐING